

## Gjaldskrá 2014

Útsvar 14,52%.

### Fasteignagjöld

Holræsagjald er 0,15% af fasteignamati húsa og lóða skv. reglugerð. Afsláttur er veittur til *ellilífeyris- og 75% örorkulífeyrisþega samkvæmt viðmiðunartekjum, sjá fasteignaskatt.* ( sjá gjaldskrá fráveitu )

Fasteignaskattur á íbúðir og íbúðarhús, sumarbústaði, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði er 0,30%, opinberar byggingar 1,32% og allar aðrar fasteignir 1,6% af fasteignamati.

*Niðurfelling á fasteignagjöldum ellilífeyris- og 75% örorkuþega sem njóta tekjutryggingar. Átt er við íbúð sem viðkomandi býr í og brúttótekjur ársins 2012. Þeir sem eru á tekjubili á milli neðangreindra upphæða fá hlutfallslega afslátt miðað við viðmiðunartekjurnar.*

| Einstaklingar | Hjón      | Afsláttur |
|---------------|-----------|-----------|
| 2.460.000     | 3.780.000 | 100%      |
| 3.615.000     | 5.550.000 | 0%        |

Gjalddagar fasteignagjalda verða tíu, sá fyrsti 1. febrúar og síðasti 1. nóvember.

Lóðarleiga fyrir árið 2014 er 1,0% af fasteignamati lóðar, þrátt fyrir ákvæði í lóðarleigusamningum útgefnum af Garði um 2,0% lóðarleigu af fasteignamati

Styrkur til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignagjöldum. Sjá reglur um styrkveitingar Sveitarfélagsins Garðs á móti álöggðum fasteignaskatti

Staðgreiðsluafsláttur er veittur 5% af fasteignaskatti og holræsagjöldum séu þau að fullu greidd eigi síðar en 20.febrúar 2014.

Sorphirðugjald pr.tunnu kr. 14.225,-

Sorpeyðingargjald kr. 23.210,-

### Heimilishjálp / Heimilisþjónusta

Heimaþjónusta kr. 540.- á klst. Ekkert gjald er greitt ef ellilífeyrir eða örorkubætur eru einu tekjur viðkomandi.

Matarbakkar kr. 610.-stk.

Sótt er um þessa þjónustu hjá félagsþjónustunni í Sandgerði.

Sláttur fyrir örorku- og ellilífeyrisþega er frír að því tilskyldu að viðkomandi búi í eigin húsnæði.

Heimilishjálp er greidd eftir á og er gjalddagi síðasta dag mánaðar og eindagi 20 dögum síðar. Við þriggja mánaða vanskil er viðkomandi sent bréf þar sem honum er gefin kostur á að ganga frá skuld fyrir 6. næsta mánaðar, að öðrum kosti missir viðkomandi þjónustu frá næstu mánaðarmótum.

### Bókasafn

Bókasafngjöld kr. 1.300.- á ári.

*Frítt er fyrir börn yngri en 18 ára, 67 ára og eldri, öryrkja og atvinnuleitendur.*

Lánstími eldri bóka er 30 dagar. Nýjar bækur, blöð og tímarit hafa 14 daga lánstíma. Dagsektir eru 10 krónur fyrir hverja bók og annan safnkost.

## Húsaleiga

Húsaleiga á félagslegum grunni frá 1.jan 2014 kr. 920 á m<sup>2</sup>

Húsaleiga almennt frá 1.jan 2014 kr. 1090 á m<sup>2</sup>

Húsaleiga er greidd fyrirfram og er gjalddagi 1. og eindagi 20 dögum síðar. Við þriggja mánaða vanskil er viðkomanda sent bréf þar sem honum er gefin kostur á að ganga frá skuld fyrir 6. dag næsta mánaðar, að öðrum kosti fer málið í útburðarferli.

## Félagsmiðstöð

Afmælisleiga 2.klst kr. 5.450,-

Gisting íþr.fél. pr mann á sólahring kr. 1.080,-

## Skrifstofa

Ljósritun og útprentun kr. 10,- á blað

Ljósritun og útprentun ( í lit) kr. 20,- á blað

Framfærsluvottorð kr. 1.150,-

## Leikskólagjald

Fyrir hverja vistunarstund á mánuði kr. 3.050.-

Fyrir hverja vistunarstund á mánuði kr. 2.325.- fyrir börn einstæðra foreldra og námsmenn í fullu námi, samkvæmt sérstakri umsókn.

Skólahópur fær 4 klst. afslátt af leikskólagjöldum eða kr. 12.200.- á mánuði í afslátt.

Systkinaafsláttur er 50% með öðru barni og 100% með hverju barni eftir það.

Foreldrar með barn í dagvistun undir leikskólaaldri og annað í leikskóla eiga rétt á systkinaafslætti af leikskólagjöldum að loknu fæðingaorlofi.

Hressing kr. 2.335.- og heitur matur kr. 4.440.-.

Leikskólaplássum er úthlutað eftir númeri á biðlista, forgangur er á 5 ára börnum. Umsóknir eru móteknaðar eftir að barn er orðið 1 árs.

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram. Gjalddagi er 1. og eindagi 15. hvers mánaða. Við tveggja mánaða vanskil má viðkomandi eiga von á að missa leikskólaplássið.

## Skóladagvistun (skólaárið 2014-2015)

Hálf vistun (2 <sup>¼</sup>klst. ) kr.3.300,- á mánuði

Full vistun (4 <sup>½</sup> klst. ) kr.6.600,- á mánuði

Klippikort 20 klst. kr. 3.900,- fæst á bæjaskrifstofu

Systkinaafsláttur er 25%

Skóladagvist er greidd fyrirfram og er gjalddagi 1. og eindagi 20 dögum síðar. Við þriggja mánaða vanskil er viðkomandi sent bréf þar sem honum er gefin kostur á að ganga frá skuld fyrir 6. dag næsta mánaðar, að öðrum kosti missir viðkomandi dagvistunarplássið frá næstu mánaðarmótum.

## Umönnunarbætur

Umönnunarbætur eru kr. 29.400 á mánuði. Fyrsta greiðsla er í þeim mánuði sem barnið verður 10 mánaða eða frá þeim tíma sem sótt er um og síðasta greiðslan er mánuðurinn sem það verður tveggja ára eða þar til innganga fæst í leikskóla. Umönnunargreiðslur eru ekki greiddar eftir að barni hefur verið boðið pláss á leikskóla.



þar sem  
ferskir  
vindar  
blása

## Skólagjöld Tónlistarskólans. (skólaárið 2014-2015)

Hljóðfæradeildir Grunn- og miðnám:

Öll hljóðfæri

Heilt nám, kr./árið kr. 59.400.-

Hálft nám, kr./ árið kr. 38.600.-

*Valgreinar*

Aukahljóðfæri, heilt nám kr./árið kr. 32100.-

Aukahljóðfæri, hálft nám kr./árið kr. 20.900.-

Tónsmíðar, hljóðupptökunám, kr./árið kr. 13.000.-

Hljóðfæraleiga kr. 10.500.-

Systkinaafsláttur er 50%.

Skólagjöld Tónlistarskóla er greidd eftir á og er gjalddagi síðasta dag mánaðar. og eindagi 20 dögum síðar. Við þriggja mánaða vanskil er viðkomanda sent bréf þar sem honum er gefin kostur á að ganga frá skuld fyrir 6. Dag næsta mánaðar, að öðrum kosti missir viðkomandi skólavist frá næstu mánaðarmótum.

## Ferðastyrkur vegna framhaldsmenntunar

Nemendur sem stunda lánshæft nám í dag- og eða fjarnámi og ekki er hægt að stunda á Suðurnesjum eigi rétt á ferðastyrk kr. 29.400.- á önn miðað við fullt nám. Sækja skal um styrkinn fyrir haustönn eigi síðar en síðasta virka dag desember mánaðar, og vorönn síðasta virka dag maí mánaðar.

## Samkomuhús

Dagsleiga kr. 28.700,-m/ vsk.

Dagsleiga ( litli salur) kr. 11.500,- m/vsk.

Dúkaleiga kr. 590,-m/ vsk.

Veisludúkur á langborð kr. 2.050,-m/ vsk.

## Miðgarður

Veislur kr. 68.800,-m/ vsk.

Fundur og ráðstefnur kr. 45.850,-m/ vsk.

Tónleikar, skemmtikvöld, leiksýningar m/ aðgangseyri kr. 68.800,- m/ vsk.

Menningarviðburðir án aðgangseyris kr. 34.400,- m/ vsk.

Erfidrykkjur kr. 34.400,- m/ vsk.

## Byggðasafn

Aðgangseyrir kr. 500,-m/ vsk.

Hólmsteinn kr. 15.000,-m/ vsk.



þar sem  
ferskir  
vindar  
blása

# Íþróttamiðstöðin Garði

## Sundlaug

|                                      |              |
|--------------------------------------|--------------|
| 30 skipta kort fullorðnir            | kr. 5.930,-  |
| 10 skipta kort fullorðnir            | kr. 2.680,-  |
| Árskort fullorðnir                   | kr. 22.575,- |
| Stök skipt fullorðnir                | kr. 470,-    |
| Leiga sundfat./ handklæði fullorðnir | kr. 370,-    |
| Leiga sundfat./ handklæði börn       | kr. 270,-    |

*Frítt er fyrir börn að 18 ára aldri og elli og örorkulífeyrisþega*

## Ljósabekkir

Virkir dagar milli 07:00 – 14:00

|                          |             |
|--------------------------|-------------|
| 10 tíma kort             | kr. 5.600,- |
| Stakir tímar             | kr. 850,-   |
| Stakir tímar (tvöfaldir) | kr. 1.450,- |

Virka daga frá kl: 14:00 – 21:00 og um helgar

|                          |             |
|--------------------------|-------------|
| 10 tíma kort             | kr. 6.600,- |
| Stakir tímar             | kr. 950,-   |
| Stakir tímar (tvöfaldir) | kr. 1.650,- |

## Þrekkæjjasalur

|                                      |              |
|--------------------------------------|--------------|
| Árskort                              | kr. 36.300,- |
| 6 mánaða kort                        | kr. 21.500,- |
| 3ja mánaða kort                      | kr. 16.700,- |
| 10 tíma kort                         | kr. 6.670,-  |
| Mánaðarkort                          | kr. 8.000,-  |
| Stakir tímar                         | kr. 900,-    |
| 3ja mánaða kort í þrek, ljós og sund | kr. 27.800,- |

*Afslættir í þrekkæjjasal elli og örorkulífeyrisþegar 50%. Hjón 20% ef kort eru keypt saman ( gildir ekki af tilboðum)  
Skólafólk 10% ( gildir ekki af tilboðum). Unglingar að 18. ára aldri 40% afsláttur af kortum.*

## Íþróttasalur

|                                      |   |
|--------------------------------------|---|
| Pr. klst. sept. – maí                | kr. 6.300,-                             |
| Pr. klst. júní – ágúst               | kr. 4.200,-                             |
| Badmintonvöllur pr. klst.            | kr. 1.650,-                             |
| Tennisvöllur pr. klst.               | kr. 4.200,-                             |
| Afmæli barna                         | kr. 4.200,-                             |
| Litli salur                          | kr. 2.000,-                             |
| Leiga til félaga v/ æfingabúða       | kr. 1920,- pr.iðkanda föstud.- sunnud.  |
| Leiga til félaga v/ æfingab. Gisting | kr. 1.080,- pr.iðkanda föstud.- sunnud. |



*þar sem  
ferskir  
vindar  
blása*

## Gjaldskrá fráveitu

Holræsagjald er 0,15% af fasteignamati húsa og lóða skv. reglugerð. Afsláttur er veittur til *ellilífeyris- og 75% örorkulífeyrisþega samkvæmt viðmiðunartekjum, sjá fasteignaskatt.*

*Niðurfelling á fasteignagjöldum ellilífeyris- og 75% örorkuþega sem njóta tekjutryggingar. Átt er við íbúð sem viðkomandi býr í og brúttótekjur ársins 2012. Þeir sem eru á tekjubili á milli neðangreindra upphæða fá hlutfallslega afslátt miðað við viðmiðunartekjurnar.*

| Einstaklingar | Hjón      | Afsláttur |
|---------------|-----------|-----------|
| 2.460.000     | 3.780.000 | 100%      |
| 3.615.000     | 5.550.000 | 0%        |

Gjalddagar fasteignagjalda verða tíu, sá fyrsti 1. febrúar og síðasti 1. nóvember.

Staðgreiðsluafsláttur er veittur 5% af fasteignaskatti og holræsagjöldum séu þau að fullu greidd eigi síðar en 20.febrúar 2014.



*þar sem  
ferskir  
vindar  
blása*

# Gatnagerðargjöld

Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýlinu Sveitarfélaginu Garði

(til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda)

## 1.gr.

### Almenn heimild

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í Sveitarfélaginu Garði skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda heimæðargjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, tengigjald holræsa skv. lögum um hollustuhætti og mengunar varnir nr. 7/1998 og byggingarleyfisgjald skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

## 2.gr.

### Ráðstöfun gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

## 3.gr.

### Gjaldstofn gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppráttum og ÍST 50.

## 4. gr.

### Útreikningur gatnagerðargjalds

Af hverjum heimilum fermetra húss, sbr. 3. gr., greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

|                                      |      |                      |
|--------------------------------------|------|----------------------|
| Einbýlishús með eða án bílgeymslu    | 5,0% | kr. 5.775 á fermetur |
| Parhús með eða án bílgeymslu         | 3,5% | kr. 4.042 á fermetur |
| Raðhús með eða án bílgeymslu         | 3,5% | kr. 4.042 á fermetur |
| Fjölbýlishús með eða án bílgeymslu   | 2,5% | kr. 2.887 á fermetur |
| Verslunar- og þjónustu húsnæði       | 5,0% | kr. 5.775 á fermetur |
| Iðnaðar-, geymslu- og atvinnuhúsnæði | 3,5% | kr. 4.042 á fermetur |
| Annað húsnæði                        | 2,0% | kr. 2.310 á fermetur |

þar sem  
ferskir  
vindar  
blása

Lágmarksgjald skv. 1. mgr. skal aldrei vera hærra en sem nemur 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni skv. útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færist í hærri gjaldflokk sbr. 1. mgr. skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

Fjárhæðir taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (115.490 kr./fm. byggingarvísitala 370,2 stig f. júní 2007).

## 5.gr.

### *Afsláttur af greiðslu gatnagerðargjalds*

Afsláttur af greiðslu gatnagerðargjalds á eftirtaldar byggingar:

Stækkun á eldra íbúðarhúsnæðis, 15 ára og eldri, allt að 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili, 50% afsláttur. Af stækkun umfram 30 fermetra greiðist fullt gatnagerðargjald eftir viðkomandi flokki.

Óeinöngruð smáhúsi, minni en 6 fermetrar 100% afsláttur, fyrir stærri hús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir annað húsnæði.

Svalaskýli 20 fermetrar eða minni, 100% afsláttur.

## 6. gr.

Sveitastjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld sbr. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006.

## 7. gr.

### *Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fráveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

|                                   |      |             |                     |
|-----------------------------------|------|-------------|---------------------|
| Einbýlishús                       | 100% | kr. 115.490 | hver íbúð           |
| Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús | 100% | kr. 115.490 | hver íbúð           |
| Fjölbýlishús                      | 50%  | kr. 57.745  | hver íbúð           |
| Mannvirki önnur en íbúðir         | 0,6% | kr. 693     | hver m <sup>2</sup> |

Af nýbyggingum og viðbyggingum við eldri hús, önnur en íbúðarhús, eru fermetrar viðbyggingar lagðir til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu kalli nýbygging eða viðbyggingin á stofnframkvæmdir við fráveitulögn.

Semja skal sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa eða þar sem lengd heimæðar er yfir 50 m.

## 8.gr.

### *Byggingarleyfis- og þjónustugjöld.*

#### *Byggingarleyfisgjald*

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem bæjarstjórn hefur veitt. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er útgáfa byggingarleyfis, ein yfirferð aðaluppdráttu, allt að 16 séruppdrættir, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, lögbundið byggingareftirlit og úttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og útgáfa lokaúttektarvottorðs. Byggingarleyfisgjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Upphæð byggingarleyfisgjalds skal vera:



þar sem  
ferskir  
vindar  
blása

a) Af íbúðarhúsnæði:

|                                   |      |             |
|-----------------------------------|------|-------------|
| Einbýlishús                       | 100% | kr. 115.490 |
| Par-, rað-, tvíbýlis- og kæðjuhús | 100% | kr. 115.490 |
| Fjölbýlishús hver íbúð            | 50%  | kr. 57.745  |

b) Af atvinnu- og þjónustuhúsum og stofnunum:

|  |      |             |
|--|------|-------------|
| Gólfplötur allt að 500 m <sup>2</sup>          | 100% | kr. 115.490 |
| Gólfplötur á bilinu 500-1.000 m <sup>2</sup>   | 200% | kr. 230.980 |
| Gólfplötur á bilinu 1.000-2.000 m <sup>2</sup> | 300% | kr. 346.470 |
| Gólfplötur yfir 2.000 m <sup>2</sup>           | 400% | kr. 461.960 |

c) Af öðrum húsum og hvers konar viðbyggingum, bílgeymslum, gripahúsum:

|                                      |     |            |
|--------------------------------------|-----|------------|
| Gólfplötur allt að 40 m <sup>2</sup> | 40% | kr. 46.196 |
| Gólfplötur 40-100 m <sup>2</sup>     | 60% | kr. 69.294 |

Af viðbyggingum stærri en 100 m<sup>2</sup> greiðist fullt byggingarleyfisgjald sbr. liði a og b.

d) Annað:

Af minni háttar breytingum á útliti- og innra skipulagi húsa án stækkunar og endurnýjun utanhúsklæðningar

10% kr.9.507

Af meiri háttar breytingum á útliti og innra skipulagi húsa án stækkunar, s.s. meiri háttar breyting á veggjum, lögnum o.fl.

50% kr. 55.406

*Þjónustugjöld tæknideildar.*

Greiða skal eftirtalin þjónustu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir. Þjónustugjöld eru ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð þjónustugjalda skal vera:

|  |       |            |
|--|-------|------------|
| Yfirferð séruppráttu pr. blað.                       | 1%    | kr. 1.155  |
| Hver endurskoðun aðaluppráttu                        | 5%    | kr. 5.775  |
| Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga    | 5%    | kr. 5.775  |
| Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt          | 10%   | kr. 11.549 |
| Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun              | 15%   | kr. 17.324 |
| Fyrir grenndarkynningu, minni háttar                 | 10%   | kr. 11.549 |
| Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikla                 | 30%   | kr. 34.647 |
| Fyrir breytingu á lóðarsamningi                      | 30%   | kr. 34.647 |
| Húsaleiguúttektir                                    | 10%   | kr. 11.549 |
| Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu                   | 10%   | kr. 11.549 |
| Stöðuleyfi   | 5%    | kr. 5.775  |
| Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; hver mæling | 25%   | kr. 28.873 |
| Staðbundin viðurkenning iðnmeistara                  | 5%    | kr. 5.775  |
| Vottorð vegna vínveitingaleyfa                       | 10%   | kr. 11.549 |
| Ljósritun A4, hvert eintak                           | 0,05% | kr. 58     |
| Ljósritun A3, hvert eintak                           | 0,10% | kr. 115    |

*þar sem  
ferskir  
vindar  
blása*



Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaaðili allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingakostnaði. Ljósritun, A2, A3, A4 (skv. kostnaði)

#### *Greiðsluskilmálar*

Gjalddagar gatnagerðar-, byggingarleyfisgjalds og stofngjalds fráveitu skulu vera sem hér segir:

Við lóðarúthlutun, sölu lóðar eða byggingarréttar skv. a-lið 3. gr. eða við útgáfu byggingarleyfis skv. b-lið sömu greinar skal greiða kr. 800.000 nema fyrir par- og raðhús skal greiða kr. 400.000.

Við útgáfu fokheldisvottorðs greiðist gatnagerðargjald að fullu.

Við útgáfu byggingarleyfis vegna framkvæmda sem falla undir 5. gr. en eru ekki undanþegnar gatnagerðargjaldi, skal gatnagerðargjald greitt við útgáfu byggingarleyfis.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

### 8.gr.

#### *Áfangaskipti framkvæmda.*

Í þeim tilvikum að lóðarhafi eða lóðareigandi ætla að byggja í áföngum, getur sveitarstjórn heimilað áfangaskiptingu gatnagerðargjalds og skal þá gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gldi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykktu áfangaskiptingu eða samþykki hreppsnefndar.

### 9. gr.

#### *Afturköllun lóðarúthlutunar vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum..*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að undangenginni viðvörðun að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 4 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutunina úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e.a.s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Framkvæmdir teljast hafnar þegar undirstöður hafa verið steiptar.

### 10. gr.

#### *Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveð og aðfararveði.

### 11. gr.

#### *Endurgreiðsla byggingaleyfis- og gatnagerðargjalds*

Byggingaleyfis- og gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
2. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 30 daga ef lóð er afturkölluð skv. a-lið, sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis sbr. b-lið, en þá skal gatnagerðargjald endurgreitt innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist endurgreiðslu.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt, án vaxta, miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Óafturkræft byggingarleyfisgjald er kr. 100.000 sem tilkomið er vegna vinnu við lóðarúthlutun.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9.gr. laga um gatnagerðargjald nr.153/2006.

## 12.gr.

### *Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld*

Um samninga um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir gjaldskrá um gatnagerðargjöld frá mars 2007.

## 13.gr.

### *Gildistaka*

Samþykktin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Garðs, skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Samþykktin öðlast gildi 15. október 2007 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld frá mars 2007.



*þar sem  
ferskir  
vindar  
blása*